

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 25. maí 2023

Mál nr. E-2537/2021:

Sigurður Grétar Halldórsson
(*Ingví Hrafn Óskarsson lögmaður*)
gegn
Íslandsbanka hf.
(*Áslaug Árnadóttir lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem höfðað var 8. desember 2021 og dómtekið 27. apríl 2023, er höfðað af Sigurði Grétari Haraldssyni, [...], gegn Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðallega 5.920.319 krónur en til vara 2.175.896 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. maí 2021 til greiðsludags. Að því frágengnu krefst stefnandi þess að viðurkennt verði að stefnda hafi verið óheimilt að krefja stefnanda um vexti af skuld samkvæmt veðskuldabréfi aðilanna frá 29. mars 2008, upphaflega að fjárhæð 25.000.000 krónur, frá og með 1. maí 2012 umfram vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Einnig að stefnda beri að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð sem stefnandi hafi greitt umfram skyldu við uppgjör skuldarinnar þann 30. apríl 2021 og að endurgreiðslan taki mið af 4. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

I.

Málsatvik

Mál þetta varðar skilmála fasteignaveðláns sem stefnandi tók hjá Glitni banka hf. 29. mars 2007 að fjárhæð 25.000.000 króna, en óumdeilt er að stefndi hefur tekið yfir réttindi og skyldur samkvæmt veðskuldabréfi sem stefnandi gaf út af því tilefni. Í bréfinu sagði að um væri að ræða „jafngreiðslulán bundið vísitölu neysluverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði“. Vaxtafótur lánsins var tilgreindur 5% en í skuldabréfinu var einnig að finna skilmála um vaxtaendurskoðun þar sem fram kom að forvera stefnda væri heimilt að breyta vöxtum á vaxtagjalddögum en þó ekki fyrr en að liðnum fimm árum frá útgáfudegi skuldabréfsins og síðan á fimm ára fresti. Í samræmi við þennan

skilmála breytti forveri stefnda vaxtafæti lánsins í 4,95% þann 9. maí 2012. Er óumdeilt að það voru einu vaxtabreytingar sem gerðar voru á láninu meðan á lánstíma stóð.

Með dómi Hæstaréttar 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 var því slegið föstu að skilmáli stefnda um vaxtabreytingar sambærilegur þeim sem fram kom í ofangreindu veðskuldabréfi hefði brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán þar sem ekki hefði verið tilgreint í samningnum við hvaða aðstæður breytilegir vextir breyttust. Var því hafnað kröfu stefnda um að felld yrði úr gildi ákvörðun Neytendastofu þar sem stefnda hafði verið bannað að breyta vöxtum á grundvelli slíks. Í kjölfar dómsins sendi stefndi viðskiptavinum sínum bréf þar sem vísað var til fyrrnefnds dóms og þess að óheimilt væri að beita vaxtaendurskoðunarákvæðum líkt og þeim sem um hefði verið fjallað í dómnum. Var viðskiptavinum stefnda, þ. á m. stefnanda, boðið að uppfæra skilmála lána sinna þannig að vextir fylgdu breytingum á markaðskjörum til hækkunar eða lækkunar eins og ætlunin hefði verið í upphafi. Að öðrum kosti yrði við það miðað að vextir lánsins væru fastir.

Með bréfi stefnanda til stefnda 4. september 2020 mótmælti hann tillögum stefnda um viðbrögð við fyrrgreindum dómi og lýsti því að það gæti ekki staðist að upphaflegir vextir lánsins stæðu út lánstímann. Kvað stefnandi þá stöðu hafa verið uppi frá 3. mars 2012, fimm árum eftir að stefnandi tók umrætt lán, að engin gild heimild væri til þess að ákvarða vaxtafót lánsins. Með því að fyrirmælum sammingsins um vexti og ákvörðun þeirra yrði ekki beitt væri óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svöruðu til þess að samið hefði verið um vexti af peningakröfu án þess að tilgreina hverjir þeir væru, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Við þær aðstæður bæri að greiða vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 og skyldu þeir vera jafnháir lægstu vöxtum Seðlabanka Íslands. Almennir vextir væru nú 2% og væri um að ræða mun lægri vaxtafót en stefndi hefði krafist stefnanda um. Ljóst væri að stefnandi hefði ofgreitt vexti um árabíl og gerði hann því kröfu um að hann fengi vexti endurgreidda miðað við að hann hefði ekki átt að greiða hærri vexti en lægstu vexti Seðlabanka Íslands.

Með bréfi stefnda til stefnanda 23. september 2020 var því hafnað að þeirri stöðu sem leiddi af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 yrði jafnað við tilvik stefnanda þannig að líta bæri svo á að aðilar hefðu samið um að skuldin bæri vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Fram kom að bankinn hefði brugðist þannig við dómi Hæstaréttar að í þeim tilvikum sem bankinn hefði nýtt vaxtabreytingarheimild til hækkunar vaxta hefðu vextir verið lækkaðir aftur í þau vaxtakjör sem samið hefði verið um í lánessamningi

og lántökum verið endurgreiddur sá hluti vaxta sem teldist ofgreiddur. Í þeim tilvikum sem vextir hefðu lækkað við vaxtaendurskoðun, líkt og við ætti í tilviki stefnanda, hefði bankinn tekið ákvörðun um að breyta ekki vöxtum til baka eða innheimta vexti sem gætu talist vangreiddir af þeim sökum þrátt fyrir hið ógilda ákvæði. Skuldabréf stefnanda væri skýrt um að vaxtafótur væri 5%. Í bréfinu væri að finna heimild til endurskoðunar vaxta á 5 ára fresti og hefði bankanum verið bannað að nýta þá heimild. Hvergi í bréfinu væri að finna skírskotun til þess að vextir væru tímabundnir eða að gildandi vextir féllu úr gildi að fimm árum liðnum ef bankinn kysi að nýta ekki heimild til vaxtabreytingar. Þá væri ekki fjallað um skyldu stefnda til að tilkynna það sérstaklega ef vöxtum væri ekki breytt. Fyrir lægi að eftir dóm Hæstaréttar bæri skuldabréfið þá vexti sem það tilgreindi.

Stefnandi greiddi lánið upp að fullu 30. apríl 2021 með fyrirvara um uppgjör vegna fyrrgreinds ágreinings. Höfðaði hann síðan mál þetta þar sem hann gerir þær kröfur er áður greinir.

II.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi, með skilmála í samningi aðilanna um breytilega vexti, brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994, sbr. forsendur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016. Afleiðing þessa sé sú að stefnda hafi verið óheimilt að ákvarða vexti lánsins með þeim hætti sem kveðið hafi verið á um í samningi aðila. Á gildistíma lánsins hafi stefndi breytt vöxtum lánsins einu sinni þegar vaxtafótur hafi verið lækkaður úr 5% í 4,95% 9. maí 2012. Þegar lánið hafi verið veitt 29. mars 2007 hafi almennir vextir Seðlabanka verið 4,95%. Þegar stefndi hafi ákveðið að lækka vexti um 0,05% hafi vextir Seðlabanka staðið í 3,75% Stefndi hafi því ákveðið að stefnandi og aðrir viðskiptamenn skyldu ekki njóta hagfelldrar vaxtaþróunar og túlkað ákvæði samningsins um vaxtaendurskoðun þannig að um væri að ræða einhliða og óskilyrta heimild til að breyta vöxtum lánsins að geðþótta sinum. Vaxtafótur lánsins hafi verið óbreyttur í 4,95% ársvöxtum og virðist stefndi því telja að afleiðing fyrrgreinds dóms Hæstaréttar hafi eingöngu verið sú að vaxtaendurskoðunarheimild skuldabréfsins væri ólögmat en að vextir samkvæmt vaxtabreytingu frá 9. maí 2012 gætu staðið óbreyttir út lánstímann. Sú afstaða sé bersýnilega órökrétt og samrýmist ekki markmiðum laga nr. 121/1994. Það fái ekki staðist að brot lánveitanda á lagareglu sem eigi að tryggja að neytandi fái upplýsingar um hvernig breytilegir vextir séu ákvarðaðir leiði til þess að lánveitandi komist hjá því neytanda til tjóns að breyta vöxtum í samræmi við hagfellda

gengisþróun. Þar sem ákvæði um vaxtaendurskoðun sé ólögmeitt blasi við að vextirnir breytist með þeim hætti sem kveðið sé á um í vaxtalögum nr. 38/2001.

Sú krafa laga nr. 121/1994 um neytendalán, um að skilgreina þurfi í lánessamningi við hvaða aðstæður vextir breytist, hafi þann tilgang að tryggja gagnsæi í samningum. Með slíkum skilmála í lánessamningi sé lánveitanda ætlað að skýra og skilgreina hvernig lántökukostnaður geti breyst á lánstíma og eigi það að koma í veg fyrir að lánveitandi geri breytingar á vöxtum eftir eigin hentugleika. Eðli málsins samkvæmt geti slíkt ákvæði ekki verið einhliða og falið í sér óskilyrta heimild fyrir lánveitandann þegar því sé augljóslega ætlað að tryggja að lánveitandi setji fram málefnaleg viðmið sem hann sé bundinn af um vaxtabreytingar til framtíðar. Ekki sé hægt að komast undan þessari skyldu með því að klæða ákvæði um vaxtabreytingar í búning einhliða og óskilyrtrar heimildar til þess að breyta vöxtum.

Neytandi sem semji um breytilega vexti hafi eðlilegar og réttmætar væntingar til þess að vaxtabreytingar taki mið af markaðskjörum. Hann taki á sig áhættu af því að vextir kunni að hækka á gildistíma lánsins enda geri hann ráð fyrir að njóta þess ef vextir lækki. Í samræmi við þetta hafi stefndi ítrekað lýst því yfir að tilgangur umrædds ákvæðis um vaxtaendurskoðun hafi verið að vextir ættu að fylgja markaðskjörum, til lækkunar eða hækkunar. Stefndi hafi hins vegar haldið vöxtum að mestu óbreyttum út lánstímann. Almennir vextir Seðlabanka Íslands endurspegli stöðu og þróun vaxta af nýjum húsnæðislánum á hverjum tíma og sýni því einnig þróun vaxta á lánamarkaði á hverjum tíma. Þegar vaxtaendurskoðun samkvæmt skuldabréfi aðila hafi átt að eiga sér stað hafi vextir þess verið 1,2% hærri en almennir vextir Seðlabankans. Munurinn hafi aukist jafnt og þétt með bættum lánakjörum í landinu á næstu árum. Hið gallaða ákvæði um vaxtaendurskoðun hafi leitt til þess að stefndi krafði stefnanda um hátt í þrefalt hærri vexti en stefnandi hefði greitt ef vaxtakjör hefðu breyst í takt við markaðskjör.

Stefnandi bendir á að í skuldabréfinu hafi aðeins verið ákveðið hvaða vaxtafótur gildi fyrstu 5 árin en skilmálinn sem hafi átt að tryggja að vextir fylgdu markaðskjörum í framhaldinu hafi verið ógildur. Af því leiði að enginn gildur skilmáli sé í samningnum um ákvörðun vaxta eftir fyrsta vaxtaendurskoðunardag 1. maí 2012. Þessari aðstöðu megi jafna við þau tilvik sem falli undir 4. gr. laga nr. 38/2001 sem mæli fyrir um að birtir vextir Seðlabanka Íslands gildi þegar vaxtafótur láns sé ekki tiltekinn. Í 18. gr. laganna sé jafnframt mælt fyrir um það að teljist samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu ógildur, og hafi endurgjald verið greitt, beri kröfuhafa að

endurgreiða þá fjárhæð sem hann hafi ranglega haft af skuldara. Við ákvörðun um vexti skuli þá miða við vexti samkvæmt 4. gr.

Í 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán sé mælt fyrir um afleiðingar þess ef lántökukostnaður og vextir sé ekki tilgreindir í samningi. Þar segi að ef vextir séu ekki tilgreindir í samningi sé lánveitanda ekki heimilt að krefjast þeirra. Að öðru leyti fari um vexti í neytendalánum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001. Reglur vaxtalaga um afleiðingar þess að ákvæði um vexti teljist ógilt hafi því verði ætlað að gilda um lán sem falli undir gildissvið laga um neytendalán.

Stefnandi byggi á því að vaxtaákvæði samningsins beri að ógilda með vísan til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar auk þess sem ljóst sé að ákvæðið stríði gegn hinni almennu reglu samningaréttar sem sé ætlað að vernda þann sem lakar stendur að vígi við samningsgerð. Loks vísi stefnandi til ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936 og 36. gr. c. sömu laga enda hafi augljóst í ójafnræði verið með aðilum samningsins og stefndi brotið gegn lagareglum sem ætlað sé að vernda hagsmuni neytenda. Umræddur skilmáli raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna þar sem annar aðili fái einhliða rétt til að breyta lánskjörum. Slíkur skilmáli, sem veiti öðrum aðila slíka yfirburðastöðu og brjóti gegn afdráttarlausu lagaboði, hljóti að teljast andstæður góðum viðskiptaháttum.

Ákvæði 36. gr. a.-d. í samningalögum hafi innleitt í íslenskan rétt tilskipun 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna/óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar segi að aðildarríkin skuli mæla svo fyrir að óréttmætir skilmálar í samningi seljanda eða veitanda við neytanda skuli ekki teljast bindandi fyrir neytendur. Stefnandi byggi á því að umræddur skilmáli, sem veiti lánveitanda óskilyrta og einhliða heimild til þess að breyta vöxtum án gildrar ástæðu sem tilgreind sé í samningnum, sé óréttmætur skilmáli í skilningi tilskipunarinnar. Leiðsögn við mat á skilmálum neytendasamninga megi hafa af viðauka tilskipunarinnar sem tilgreini tilvik eða dæmi um skilmála sem teljist að jafnaði óréttmætir. Þar segi t.d. í j-lið 1. gr. viðaukans að slíkir skilmálar séu skilmálar sem hafi að markmiði eða þau áhrif að heimila seljanda eða veitanda að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu sem tilgreind séu í samningi. Í b-lið 2. gr. sé áréttað að j-liðurinn komi ekki í veg fyrir að veitandi fjármálaþjónustu áskilji sér rétt til þess að breyta vöxtum einhliða ef fyrir því sé gild ástæða. Í viðaukanum séu einnig tilgreindir í i-lið skilmálar sem hafi að markmiði að binda neytanda við skilmála án þess að hann hafi raunverulega kost á að skilja eða kynna sér efni hans og í m-lið skilmálar sem hafi þau áhrif eða markmið að gera veitanda

þjónustu kleift að túlka einhliða einstaka skilmála. Hvoru tveggja eigi við um samning stefnanda senda sé honum ekki gert kleift að skilja forsendur vaxtabreytinga auk þess sem lánveitandi fái einhliða rétt til að ákveða vaxtabreytingar.

Evrópudómstóllinn hafi ítrekað fjallað um þær kröfur um gagnsæi sem leiði af ákvæðum fyrrgreindrar tilskipunar og m.a. lýst því að gera verði kröfu um efnislegan skýrleika og að forsendur við aðferð og útreikning endurgreiðslu eða vaxta þurfi að vera rækilega útskýrð á grundvelli skýrra viðmiða sem komi fram í lánsamningi þannig að almennur neytandi geti skilið fjárhagslega þýðingu skilmálans. Dómstóllinn hafi lagt áherslu á að gagnsæi samningsskilmála geti haft ráðandi áhrif á hvort hann teljist óréttmætur eða ósanngjarn, sérstaklega þegar um sé að ræða samningsskilmála sem heimili þjónustuveitanda að breyta verði þjónustu einhliða í langtímasamningi. Ákvæði veðskuldabréfs aðila um vexti og breytingar á vaxtakjörum veiti stefnda einhliða rétt til að ákvarða vexti án þess að nokkuð sé sagt um ástæður, viðmið eða aðferð við slíkar breytingar. Þau standist því ekki kröfur 36. gr. b. og c. í samningalögum eins og þau beri að túlka og skýra með hliðsjón af tilskipun 93/13/EBE. Í ljósi þessa geti ákvæðin ekki verið bindandi gagnvart stefnanda. Í skuldabréfinu séu samkvæmt því engin gild ákvæði um það hvernig vextir séu ákvarðaðir, a.m.k. frá og með fyrsta vaxtaendurskoðunardegi 1. maí 2012. Ákvörðun stefnda um að halda vöxtum í 4,95% hafi því verið geðþóttaákvörðun sem styðjist ekki við ákvæði skuldabréfsins. Sé enda ljóst að hefði skuldabréfið verið útbúið með lögætum hætti í samræmi við sameiginlegt markmið samningsaðila um að vextir fylgdu markaðskjörum, hefði stefnandi notið góðs af lækkandi vöxtum á Íslandi á gildistíma lánsins.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 38/2001 beri kröfuhafa að endurgreiða skuldara fjárhæð sem hann hefur ranglega haft af honum vegna þess að samningur um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu teljist ógildur. Beri að miða endurgreiðslu við 4. gr. laganna eftir því sem við geti átt. Samningsskilmálar veðskuldabréfs aðila um vexti teljist ógildir og af því leiði að stofnast hafi skylda af hálfu stefnda til þess að endurgreiða það sem hann hafi ranglega haft af stefnda. Þá sé ljóst að stefnda hafi verið óheimilt að krefja stefnanda um vexti af skuldinni umfram vexti samkvæmt 4. gr.

Um útreikning kröfu sinnar vísar stefnandi til þess að hann krefjist endurgreiðslu úr hendi stefnda og taki útreikningur mið af almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Stefnukrafan samanstandi af greiðslum sem stefnandi hafi greitt umfram skyldu, þ.e. þær fjárhæðir sem hann hafi greitt umfram þær greiðslur sem hann hefði innt

af hendi ef lánið hefði frá 1. maí 2012 borið vexti sem Seðlabanki Íslands ákvarðaði með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum verðtryggðum lánnum. Fjárhæðin sem ofgreidd hafi verið samanstandi af ofgreiddum vöxtum en einnig verðbótum sem stefndi hafi tekið sér af ranglega ákvarðaðri stöðu höfuðstóls sem hafi svarað til uppsafnaðra ofgreiddra vaxta hverju sinni. Þá sé gerð krafa um endurgreiðslu vanskilagjalda og dráttarvaxta. Stefnandi hafi greitt 29.768.256 krónur til lúkningar skuldinni. Útreikningur hans miðað við framangreindar forsendur sýni að raunverulegar eftirstöðvar lánsins hafi á uppgreiðsludegi 30. apríl 2021 verið 23.847.937 krónur. Með tilliti til framangreindra forsendna hafi stefndi ranglega krafið stefnanda um 5.920.319 krónur umfram skyldu.

Stefnandi leggi fram útreikning sem sýni höfuðstól lánsins á hverjum tíma samkvæmt útreikningi stefnda, gjalddaga, greiðsludag, afborganir og umkrafa vexti. Þá komi fram upplýsingar um þá fjárhæð sem stefnandi hafi átt að greiða, hvað hafi verið ofgreitt hvern mánuð og hvernig hverri ofgreiðslu sé ráðstafað inn á höfuðstólinn.

Um varakröfu sína vísar stefnandi til sömu röksemda og að framan greinir en hann kveðst þar taka mið af því að ofgreiðslur sem inntar hafi verið af hendi fyrir 8. desember 2017 kunni að teljast fyrndar.

Kröfur sínar til þrautavara byggir stefnandi á sömu málsástæðum og í aðal- og varakröfu og vísar til þess að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að skorið verði úr um efni réttinda hans og réttarsambands aðila, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um endurgreiðslu og byggir á því að stefnandi hafi ekki greitt hærri vexti en honum hafi borið skylda til. Þótt stefnda hafi verið bannað að nota 5. tölulið skilmála skuldabréfs aðila, og jafnvel þó að skilmálinn yrði ógiltur, séu skýr ákvæði í skuldabréfinu um þá vexti sem það beri. Í meginmáli bréfsins segi þannig að skuldin beri 5% vexti. Því séu ekki fyrir hendi skilyrði til að fallast á kröfur stefnanda um að beita beri 18. og 4. gr. laga nr. 38/2001 enda taki fyrirnefnda ákvæðið til þess þegar samningsákvæði séu ógild og hið síðarnefnda um þá aðstöðu þegar vaxtafótur sé ekki tilgreindur.

Stefndi kveðst mótmæla þeirri málsástæðu stefnanda að einungis hafi verið samið um vaxtafóttinn til 5 ára. Stefnandi hafi verið upplýstur um 5% vaxtafót bréfsins auk þess sem hann hafi verið upplýstur um að til staðar væri heimild til breytinga að fimm árum

liðnum. Það að stefnda hafi verið bannað að beita heimild til vaxtabreytinga breyti engu enda hafi engin skylda hvílt á stefnda til vaxtabreytinga og stefnandi því ekki getað gengið út frá því að vextir breyttust. Þá liggi ljóst fyrir, burt séð frá markmiði laga nr. 121/1994 um neytendalán, að stefnda sé skylt að fara að ákvörðun yfirvalda og dómstóla um að ekki megi breyta vöxtum á grundvelli umrædds skilmála.

Af hálfu stefnda er mótmælt þeirri málsástæðu stefnanda að það hafi verið sameiginlegt markmið aðila að vextir fylgdu markaðskjörum. Stefndi segir slíka fullyrðingu hvorki eiga sér stoð í skuldabréfinu né fylgigögnum þess. Þvert á móti komi þar ekkert fram um við hvaða atvik eigi að miða vaxtabreytingar, eins og fjallað sé um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016.

Stefndi mótmælir útreikningi þeim sem liggur til grundvallar kröfum stefnanda. Telur hann útreikninginn ekki í samræmi við 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 auk þess sem skekkja í útreikningnum leiði til þess að kröfufjárhæð sé of há. Auk þess hafi allar greiðslur verið greiddar án fyrirvara og hafi aðilar því mátt gera ráð fyrir að greiðslur vaxta samkvæmt hinu umdeilda skuldabréfi væru endanlegar. Loks séu ekki uppfyllt skilyrði fyrir greiðslu umræddrar fjárhæðar á grundvelli meginreglna kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár auk þess sem ekki sé hægt að túlka þá meginreglu með hliðsjón af tilskipun 93/13/EBE.

Stefndi byggir á því að ekki séu skilyrði til ógildingar 5. töluliðar umrædds skuldabréfs. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 hafi verið staðfest að stefnda væri óheimilt að breyta vöxtum samkvæmt ákvæði sem hafi verið samhljóða umræddum tölulið skuldabréfsins í máli þessu. Í gildandi lögum sé ekki mælt fyrir um það hvað afleiðingar það hafi ef lánveitandi veiti ekki þær upplýsingar við lánveitingu sem honum beri að veita. Í 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán hafi verið ákvæði sem fjölluðu að einhverju leyti um afleiðingar þess að upplýsingagjöf lánveitanda til neytanda hefði ekki verið fullnægjandi. Í 1. mgr. 14. gr. laganna hafi sagt að ef vextir og annar lántökukostnaður væri ekki tilgreindur í lánsamningi væri lánveitanda ekki heimilt að krefja neytanda um greiðslu þeirra. Stefndi byggir á því að ákvæðið geti ekki átt við í málinu enda komi fram skýrar upplýsingar um vexti í bréfinu sjálfu. Þá liggi fyrir að lög nr. 121/1994 hafi fallið úr gildi við gildistöku laga nr. 33/2013 um neytendalán, en í nýju lögnum sé ekki kveðið á um að umrætt ákvæði eldri laganna haldi gildi sínu. Með nýjum lögum hafi löggjafinn þannig ákveðið að ekki sé ástæða til að hafa í lögum sambærilegt ákvæði. Því sé ljóst að ekki sé kveðið á um það í gildandi lögum hvaða afleiðingar það

hafi að vextir eða annar lántökukostnaður sé ekki tilgreindur í lánessamningi. Þó að ágalli hafi verið á skilmálum stefnda að þessu leyti leiði það ekki til þess að viðkomandi ráðstöfun sé ógild. Slíkt sé þvert á móti athugunarefni hverju sinni, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2021.

Stefndi byggir á því að ekki séu skilyrði til þess að víkja ákvæðum skuldabréfsins til hliðar á grundvelli 36. gr. eða 36. gr. c. samningalaga. Umrædd ákvæði feli í sér undantekningu frá meginreglunni um að samninga beri að halda og beri því að túlka þröngt. Málátilbúnaður stefnanda sé á því reistur að stefndi hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 121/1994 og að það leiði til þess að víkja eigi ákvæði um vaxtabreytingar til hliðar. Stefnandi vísi í þeim efnum til þess að verulegt ójafnræði hafi verið með aðilum og að stefndi hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni. Af þeim sökum sé skilmáli um vaxtabreytingu ósanngjarn. Að öðru leyti rökstyðji stefnandi ekki af hverju víkja eigi ákvæðinu til hliðar. Hæstiréttur hafi kveðið skýrt á um að það nægi ekki að sýna fram á brot á ákvæðum laga, t.d. um upplýsingaskyldu, til að skilyrðum fyrrgreindra ákvæða sé mætt. Úr þessum annmarka hafi ekki verið bætt undir rekstri málsins.

Af hálfu stefnanda sé á því byggt að 5. töluliður skilmála hins umdeilda skuldabréfs uppfylli ekki 36. gr. a.-d. samningalaga um skýrleika og gagnsæi. Stefnandi vekir athygli á að ný þýðing á tilskipuninni sem stefnandi vísi til í því sambandi hafi verið birt sem fylgiskjal við frumvarp til laga nr. 14/1995. Í nýrri þýðingu hafi hugtakinu „óréttmætir samningsskilmálar“ verið breytt í „ósanngjarnir samningsskilmálar“ og í staðin fyrir „góða trú“ sé notuð þýðingin „góðir viðskiptahættir“. Málátilbúnaður stefnanda sé að öðru leyti afar óljós hvað þetta varði. Í 36. gr. b. sé kveðið á um að samningar sem falli undir ákvæði 36. gr. a.-d. skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Stefnandi byggir á því að skýrt sé af ákvæði 36. gr. b. að afleiðing þess að samningsákvæði sé óskýrt sé ekki ógilding ákvæðisins heldur að túlka eigi samninginn neytandanum í hag. Í 36. gr. a., c. og d. sé ekki fjallað um skýrleika og gagnsæi samninga.

Stefnandi byggir á því að líta beri til viðauka tilskipunar 93/13/EBE við mat á umræddum skilmála um vaxtabreytingar. Í viðauka tilskipunar 93/13/EBE sé að finna lista yfir skilmála sem geti talist ósanngjarnir, en listinn sé hvorki tæmandi né bindandi eins og skýrt komi fram í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Stefnandi telji viðaukann ekki hafa mikið gildi og ekki unnt að byggja niðurstöðu í málinu eingöngu á túlkun hans. Í fyrsta lagi komi fram í dómi EFTA-dómstólsins nr. E-25/13 að listinn í viðaukanum sé

leiðbeinandi en ekki tæmandi. Skilmáli sem finna megi á listanum geti enda verið sanngjarn og skilmáli sem ekki sé á listanum geti talist ósanngjarn. Í öðru lagi komi fram í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 14/1995 að norrænir sérfræðingar hafi talið dæmi viðaukans að ýmsu leyti óskýr og mjög almennt orðuð. Vegna þessa hafi viðaukinn ekki verið lögfestur hér á landi. Verði talið að þrátt fyrir þetta eigi að byggja á viðaukanum geti skilmálar skuldabréfs aðila aldrei talist ósanngjarnir í skilningi hans. Í j. lið 1. gr. viðaukans sé fjallað um skilmála sem heimili seljanda eða veitanda að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu sem tilgreind sé í samningi. Umræddur staflíður geti ekki átt við þar sem samkvæmt b. lið 2. gr. viðaukans komi hann ekki í veg fyrir að veitandi fjármálaþjónustu áskilji sér rétt til að breyta einhliða án viðvörunar vöxtum sem neytandi skuli greiða, að því tilskildu að neytanda sé tilkynnt um það við fyrsta tækifæri og boðið að slíta samningi. Vöxtum skuldabréfsins sem um ræði hafi einungis einu sinni verið breytt og hafi þá verið fyrir því gild ástæða. Stefnanda hafi ítrekað verið boðið að greiða bréfið upp án kostnaðar. Umræddur j. liður viðaukans geti því ekki átt við. Í i. liðnum, sem stefnandi vísi einnig til, sé síðan fjallað um skilmála sem hafi það að markmiði eða þau áhrif að slá föstu að neytandi hafi samþykkt skilmála sem hann hafi ekki haft tíma til að kynna sér. Ekkert liggi fyrir um þetta í tilviki stefnanda. Loks sé í m. lið 1. gr. getið um skilmála sem hafi að markmiði eða þau áhrif að veita seljanda og veitanda rétt til að skera úr um það hvort veitt vara eða þjónusta uppfylli samningsskilmála eða veita honum einhliða rétt til að túlka einstaka skilmála. Umræddur tölulíður geti ekki heldur átt við í málinu.

Með hliðsjón af ákvæðum 36. gr. samningalaga verði að skoða heildstætt hvað legið hafi til grundvallar ákvörðun stefnanda um að taka umrætt lán. Við það mat verði að taka tillit til þess að hann hafi sjálfur valið að taka lánið hjá stefnda og sjálfur tekið ákvörðun um það hvort hann tæki lán með föstum vöxtum eða breytilegum. Vextir lána með föstum vöxtum hafi verið mun hærri en lán með breytilegum vöxtum. Auk þess liggi fyrir að stefndi hafi ítrekað boðið stefnda að greiða upp lánið án kostnaðar. Loks sé ljóst að af hálfu stefnanda sé því ekki haldið því fram að hann hefði hætt við útgáfu skuldabréfsins hefði hann fengið ítarlegri upplýsingar um skilyrði fyrir breytingu vaxta.

Í málinu liggi samkvæmt framansögðu fyrir að vaxtaþrósentu lánsins hafi verið skýrlega tilgreind. Í 5. tölulíð lánsins hafi svo verið heimild fyrir stefnda til að breyta vöxtum og liggi fyrir að stefndi hafi ekki haft heimild til að beita því ákvæði eftir dóm Hæstaréttar. Jafnvel þó að upplýsingagjöf stefnda um vaxtabreytingar hafi ekki verið

fullnægjandi byggir stefndi á að skortur á veitingu lögmaðra upplýsinga leiði ekki til að víkja eigi sammingsákvæðum til hliðar, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 634/2012 og 638/2010. Stefndi hafi á engan hátt sýnt fram á að stefndi hafi beitt aðstöðumun við sammingsgerðina enda hafi stefndi átt þess kost að velja aðrar tegundir lána ef hann vildi. Þá leiði engin síðar til komin atvik til þess að skilmálar bréfsins séu ósanngjarnir.

Auk framangreinds byggir stefndi á því að jafnvel þótt stefndi hafi átt kröfu á hendur stefnda hafi hann sýnt af sér tómlæti við að halda fram rétti sínum í málinu. Strax í kjölfar fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 og tilkynningar frá stefnda, þar sem hann lýsti sér óheimilt að beita ákvæði um vaxtaendurskoðun, hafi stefnanda mátt vera ljóst að hann gæti mögulega átt kröfu á hendur stefnda. Hann hafi þrátt fyrir það ekkert aðhafst fyrir en næstum þremur árum síðar, þegar lögmaður hans sendi stefnda bréf 4. september 2020. Eftir að því bréfi hafi verið svarað hafi síðan liðið meira en ár þar til málið var höfðað.

Loks liggi fyrir að stór hluti endurgreiðslukröfu stefnanda sé fyrndur. Kröfur um endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 og 5. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905. Því sé ljóst að mögulegar endurgreiðslukröfur stefnanda vegna greiðslna sem inntar hafi verið að hendi fyrir 8. desember 2017 séu fyrndar. Verði talið að stefndi hafi innt af hendi einhverja ofgreiðslu vegna hins umdeilda láns hafi endurgreiðslukröfur hans orðið til við afborganir af láninu. Ljóst sé af útreikningum stefnanda að stór hluti af kröfu stefnanda byggir á kröfum sem inntar hafi verið af hendi á árunum 2012-2017 og séu þær því fyrndar.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda og byggir á því að ekki standi rök til þess að reikna dráttarvexti fyrir en frá dómsuppkvaðningu þar sem ekki liggi fyrir fyrir en þá hvort stefndi eigi kröfu á hendur stefnda.

III.

Niðurstæða

Í máli þessu er deilt um uppgjör samkvæmt veðskuldabréfi sem stefndi gaf út 29. mars 2007 vegna fasteignaláns hjá Glitni banka hf., en óumdeilt er að stefndi tók yfir réttindi og skyldur samkvæmt bréfinu á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins 14. október 2008, sbr. 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Sem fyrir greinir sagði í umræddu veðskuldabréfi að vextir væru 5%. Í bréfinu var síðan að finna ákvæði um vaxtaendurskoðun, en samkvæmt því var stefnda heimilt að breyta vöxtunum að liðnum fimm árum og aftur á fimm ára fresti. Með dómi

Hæstaréttar 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 var því slegið föstu að sambærilegur skilmáli stefnda í öðru veðskuldabréfi uppfyllti ekki það skilyrði 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán að tilgreint væri við hvaða aðstæður breyta mætti vöxtunum. Hafa báðir aðilar máls þessa gengið út frá því síðan að stefnda hafi verið óheimilt að ákvarða vexti lánsins á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis um vaxtabreytingar. Aðilar deila hins vegar um þýðingu þess að vaxtabreytingarskilmálanum verði ekki breytt. Stefnandi byggir þannig á því að þar sem óheimilt hafi verið að beita umræddu vaxtaendurskoðunarákvæði hafi lánið borið vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, enda hafi stefnda verið óheimilt að ákvarða vexti lánsins með þeim hætti sem gert hafi verið í samningi aðila. Gerir stefnandi á grundvelli þess kröfu um endurgreiðslu á mismun þess sem hann hafi þegar greitt í vexti og því sem honum hefði borið að greiða miðað við lægstu vexti Seðlabanka Íslands samkvæmt greindu ákvæði. Stefndi byggir hins vegar á því að þar sem veðskuldabréf aðilanna hafi mælt fyrir um tiltekna vexti í öndverðu beri, í ljósi þess að vaxtabreyting var óheimil, að miða við þá vaxtahæð út lánstímann.

A.

Í hinu umdeilda veðskuldabréfi aðila sagði í meginmáli að um væri að ræða jafngreiðslulán bundið vísitölu neysliverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði. Þá sagði undir liðnum „vextir“ að þeir væru 5%. Í nánari skilmálum bréfsins sagði síðan í 3. tölulið að af höfuðstól skuldarinnar eins og hann væri á hverjum tíma bæri „að greiða vexti samkvæmt ofanskráðu“. Var og mælt fyrir um hvenær vexti bæri að greiða og hvernig þeir reiknuðust. Í 5. tölulið bréfsins sagði síðan: „VAXTAENDURSKOÐUN. Glitni banka hf. er heimilt að breyta ofanskráðum vöxtum á vaxtagjalddögum en þó ekki fyrr en að liðnum fimm árum frá útgáfudegi skuldabréfs þessa og síðan á fimm ára fresti. Eigi síðan en einum mánuði áður en breyting á vöxtum á að taka gildi skal Glitnir banki hf. tilkynna útgefanda um hana. Sætti útgefandi sig ekki við þessa vaxtabreytingu er honum heimilt án sérstaks uppgreiðslugjalds að endurgreiða lánið að fullu ásamt áföllnum vöxtum, verðbótum og kostnaði á þeim vaxtagjalddaga þegar breytingin átti að taka gildi, enda greini hann lánveitanda frá þeirri fyrirætlan með tveggja vikna fyrirvara.“

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán, sem voru í gildi á þeim tíma er stefnandi gaf skuldabréfið út til forvera stefnda, kom fram að væri heimild veitt í lánsamningi til að breyta lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara skyldi þar greint frá því hvað hvaða aðstæður gera mætti breytingarnar. Í 9. gr. var fjallað nánar

um slík atriði út frá vöxtum sérstaklega, en þar kom fram að ákveða mætti í lánessamningi að vextir yrðu að nokkru eða öllu leyti breytilegir, en þá skyldi meðal annars tiltekið með hvaða hætti það væri og við hvaða aðstæður vextirnir myndu breytast. Í veðskuldabréfi því sem um ræðir var ekki tilgreint við hvaða aðstæður beita mætti heimild bréfsins til vaxtabreytinga. Sagði þar aðeins að forveri stefnda hefði heimild til að breyta vöxtum bréfsins að liðnum fimm árum og síðan á fimm ára fresti og að bankanum bæri að tilkynna stefnanda um slíka breytingu með eins mánaðar fyrirvara. Með vísan til orðalags fyrrgreinds skilmála 5. töluliðar skuldabréfsins og dóms Hæstaréttar 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 verður lagt til grundvallar að skilmálinn hafi brotið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994.

B.

Stefndi hækkaði vexti aðeins einu sinni á grundvelli fyrrgreinds skilmála, en á fyrsta vaxtaendurskoðunardegi voru vextir lækkaðir úr 5% í 4,95%. Kveðst stefndi hafa haldið að sér höndum með frekari breytingar vegna dóms Hæstaréttar og litið svo á að vextir skuldabréfsins hefðu vegna hinnar ólögsmætu vaxtabreytingarheimildar verið fastir í samræmi við skilmála bréfsins um 5% fasta vexti. Hann hafi þó umfram skyldu ákveðið að hækka ekki vextina úr 4,95% í 5% í kjölfar dóms Hæstaréttar stefnanda til hagsbóta.

Stefnandi telur túlkun stefnda á dómi Hæstaréttar að þessu leyti ranga. Byggir stefnandi á því að í skuldabréfinu sem um ræði hafi aðeins verið ákveðið hvaða vaxtafótur skyldi gilda fyrstu fimm árin frá útgáfudegi. Skilmálinn um vaxtabreytingar, sem hafi átt að tryggja að vextir fylgdu markaðsþróun, hafi verið ógildur og af þeirri niðurstöðu leiði að enginn gildur skilmáli hafi verið í samningi aðila um ákvörðun vaxta eftir fyrsta vaxtaendurskoðunardag 1. maí 2012. Þeirri aðstöðu megi jafna til þeirra tilvika er falli undir 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. og 18. gr. sömu laga, þ.e. að miða beri við lægstu almennu vexti Seðlabanka Íslands. Sú afstaða stefnda, að hinir 5% vextir geti staðið óbreyttir út lánstímann eftir dóm Hæstaréttar, sé órökrétt og ósamrýmanleg markmiðum laga nr. 121/1994 um neytendalán þar sem það standist ekki að brot lánveitanda á lagareglu sem eigi að tryggja að neytandi fái upplýsingar um hvernig breytilegir vextir séu ákvarðaðir leiði til þess að lánveitandi komist hjá því, neytanda til tjóns, að breyta vöxtum í samræmi við hagfellda markaðsþróun.

Í 4. gr. laga nr. 38/2001 segir að þegar greiða beri almenna vexti af peningakröfu, en hundraðshluti þeirra er eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skuli vextir

vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. Í athugasemdum við ákvæðið með frumvarpi því er varð að lögum nr. 38/2001 er áréttað að ákvæðið eigi við þegar samningsaðilar tilgreini ekki vaxtafót. Einungis í undantekningartilvikum komi til með að reyna á ákvæðið enda sé reynslan sú að yfirleitt sé einhver vaxtafótur tilgreindur þegar krafa beri á annað borð vexti. Í 18. gr. sömu laga kemur síðan fram að ef samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild skuli peningakrafan bera vexti samkvæmt 1. málsl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði 18. gr. ekki við.

Á þann skilning stefnanda, að enginn gildur skilmáli hafi verið í samningi aðila um ákvörðun vaxta eftir fyrsta vaxtaendurskoðunardag 1. maí 2012, getur dómurinn ekki fallist. Ákvæði veðskuldabréfsins sem um ræðir tilgreindi með skýrum hætti vaxtafót lánsins, enda sagði í þar til gerðum reit á stöðluðu eyðublaði skuldabréfsins að vextir væru 5%. Stefnda var síðan heimilt að breyta vöxtunum að liðnum fimm árum frá útgáfudegi bréfsins og síðan á fimm ára fresti. Stefnda bar engin skylda til að breyta vöxtunum og verður ekki ráðið af umræddum skilmála bréfsins, eða orðalagi þess að öðru leyti, að aðilar hafi gengið út frá því sem vísu að vextir tækju breytingum að fimm árum liðnum. Þá er ekkert í skuldabréfinu sem styður þá málsástæðu stefnanda að gildistími hinna tilgreindu 5% vaxta hafi verið einskorðaður við fimm ár líkt og stefnandi bendir á eða að bréfið hafi, þrátt fyrir allt, verið um breytilega vexti sem taka ættu mið af hagfelldri markaðsþróun. Að mati dómsins hefði enda þurft að taka það skýrt fram ef aðilar miðuðu við það, þrátt fyrir að skilmálinn um vaxtabreytingar fæli einungis í sér heimild bankans, að vextirnir tækju hvað sem öðru liði breytingum að fimm árum liðnum. Með vísan til þessa verður ekki fallist á það með stefnanda að hér hátti þannig til að beita beri 4. gr. laga nr. 38/2001 á þeim forsendum að ekki hafi verið samið um vexti. Þá er ekki fallist á að slík órjúfanleg tengsl hafi verið milli samningsskilmálans um 5% vexti annars vegar og skilmála um vaxtabreytingarheimild hins vegar að niðurstaðan um það að stefnda hafi vegna dóms Hæstaréttar verið óheimilt að breyta vöxtunum leiði sjálfkrafa til þess að stefnda hafi verið óheimilt að beita vaxtaskilmálum bréfsins í heild. Verður enda ekki séð að hinir umsöndu upphaflegu vextir, sem samkvæmt framangreindu voru tilgreindir með sjálfstæðum hætti í þar til gerðum reit bréfsins og til vísað sem samningsvaxta í 3. tölulið þess, hafi verið tengdir breytingarheimildinni með

beinum hætti eða á annan hátt orðaðir þannig að þeir væru háðir gildi hennar eða afdrifum.

C.

Í greinargerð stefnda er byggt á því að vaxtaákvæði umrædds veðskuldabréfs beri að ógilda samkvæmt hinni almennu reglu um að samningsákvæði sem fari gegn ófrávíkjanlegum lagareglum teljist ógild. Þá byggir stefnandi á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga enda hafi verulegt ójafnræði verið með aðilum samningsins og lánveitandi brotið gegn lagareglum sem ætlað sé að vernda hagsmuni neytenda í þeim tilgangi að tryggja sér einhliða rétt til þess að ákvarða lánskostnað og vexti. Stefnandi vísar einnig til 36. gr. b. og c. sömu laga og í því sambandi til tilskipunar 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum og viðauka tilskipunarinnar um samningsskilmála sem teljast að jafnaði óréttmætir.

Af greinargerð stefnanda er ekki fyllilega ljóst hvort dómkröfur hans byggi á því að bæði ákvæði hins umdeilda veðskuldabréfs um 5% vexti og vaxtabreytingarheimildin teljist ógild, hvort á því sé byggt að einungis vaxtabreytingarskilmálinn sé ógildur eða hvort skilmálinn um 5% vexti teljist ógildur. Við flutning málsins lýsti lögmaður því yfir að í málinu væri engin krafa gerð um ógildingu skilmála. Á því væri hins vegar byggt að ákvæðum veðskuldabréfsins um vexti, sem væri að finna í 3. og 5. tölulið þess, yrði ekki beitt gagnvart stefnanda þar sem þau væru ósanngjörn og óréttmæt. Ákvæðin yrði að skoða heildstætt enda mynduðu þau saman skilmála bréfsins um vaxtakjör. Þótt vaxtabreytingarákvæði skuldabréfsins hefði verið klætt í búning heimildarákvæðis hefðu aðilar með umræddum skilmála samið um breytilega vexti og þá forsendu að vextir tækju mið af markaðskjörom. Skilmáli bréfsins um vaxtaendurskoðun væri ekki bindandi gagnvart stefnanda og því engin gild ákvæði um það hvernig vextir breyttust.

Við mat á því hvort það getur talist ósanngjarn eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig samning eða einstök samningsákvæði skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar koma til, sbr. 2. mgr. 36. gr. samningalaga. Þótt fallast megi á það með stefnanda að aðstöðumunur hafi verið milli forvera stefnda og stefnanda þegar aðilar undirgengust fyrrgreinda skuldbindingu getur það eitt og sér ekki ráðið úrslitum, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 9. mars 2017 í máli nr. 371/2016 og 9. febrúar 2017 í máli nr. 380/2016. Í málinu liggur ekkert fyrir um að hallað hafi á stefnanda við samningsgerðina eða að samkomulag aðila um heimild stefnda til

Þess að taka einhliða ákvörðun um vaxtabreytingar hafi dregið dóm af meintri ráðandi stöðu forvera stefnda. Stefnandi valdi sjálfur að taka umrætt lán en alkunna er að vextir lána með föstum vöxtum voru á greindum tíma hærra en vextir lána með breytilegum vöxtum. Stefnanda mátti vera ljóst að hann tók á sig áhættu með umræddri heimild bankans til vaxtabreytinga en um leið gat hann ekki gefið sér að bankinn nýtti heimild bréfsins til vaxtabreytinga að liðnum fimm árum. Þá er til þess að líta að þótt skilmáli skuldabréfsins um vaxtabreytingarheimild hafi verið ólögmatgur gat það ekki leitt til þess að það teldist sjálfkrafa ósamngjarnt af hálfu stefnda að bera ákvæði bréfsins um 5% vexti fyrir sig, enda hefur hvorki verið sýnt fram á að það ákvæði sem slíkt sé í ósamræmi við ákvæði laga nr. 121/1994 eða að atvik séu með þeim hætti að öðru leyti að ósamngjarnt sé af hálfu stefnda að bera það fyrir sig. Þá hefur að mati dómsins ekki verið sýnt fram á að sú ákvörðun bankans, að lækka ekki vextina með hliðsjón af markaðsvöxtum, hafi farið gegn greindu ákvæði. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um að upplýsingagjöf hafi af hálfu forvera stefnda verið ábótavant að því er varðaði það fyrirkomulag aðila, að semja um fasta vexti og síðan breytingarheimild að liðnum fimm árum, eða að sá háttur sem hafður var á hafi, að öðru leyti en því sem snerti 5. tölulið bréfsins sérstaklega, verið ósamrýmanlegur ákvæðum laga nr. 21/1994.

Í 36. gr. a.-d. samningalaga er að finna sérstök ákvæði til verndar neytendum sem lögfest voru með það að markmiði að innleiða tilskipun 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósamngjarna skilmála í neytendasamningum. Í 36. gr. b. er mælt fyrir um það að skriflegur samningi sem atvinnurekandi gefi neytanda kost á skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samnings sem falli undir gildissvið ákvæðanna skuli túlka samninginn neytandanum í hag. Af 36. gr. c. leiðir síðan að við mat á því hvort samningur teljist ósamngjarn skuli ekki taka tillit til atvika sem koma til eftir samningsgerðina ef þau eru neytanda í óhag. Loks er mælt fyrir um það í 3. mgr. ákvæðisins að samningur teljist ósamngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Sé slíkum skilmála vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að skilmáli veðskuldabréfsins sem um ræðir hafi brotið gegn fyrrgreindum liðum samningalaga enda raski hann til muna jafnvægi í samningssambandi aðila og samrýmist ekki góðum viðskiptaháttum. Það standist ekki fyrrgreind ákvæði 36. gr. b. og c. samningalaga og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE,

eins og hún verði skýrð með hliðsjón af viðauka við tilskipunina. Vísar stefnandi þar einkum til j., i. og m. liðar 1. gr. viðaukans þar sem tilgreindir eru óréttmætir skilmálar sem hafa það að markmiði eða þau áhrif að heimila veitanda að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu, skilmálar sem binda neytanda við skilmála án þess að hann hafi raunverulegan kost á að skilja eða kynna sér efni hans, og skilmála sem gera veitanda þjónustu kleift að túlka einhliða einstaka skilmála.

Að mati dómsins verður ekki séð að uppi sé vafi um merkingu skuldabréfs aðila eða að það stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila í skilningi fyrrgreindra ákvæða 36. b. og c. samningalaga, sbr. og nánar það sem nefnt var í tengslum við 36. gr. sömu laga hér að ofan. Er í því sambandi bent á að jafnvel þótt skuldabréfið hafi veitt stefnda einhliða heimild til breytingu vaxta, og að sú heimild sem slík hafi ekki fullnægt upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 121/1994 um neytendalán, varð vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2017 ekkert af slíkum breytingum, a.m.k. ekki að nokkru verulegu leyti stefnanda til tjóns. Hinn ólögmæti skilmáli hafði þannig engin áhrif að telja í samningssambandi aðilanna. Þá er ekki unnt að taka undir það með stefnanda að fyrirkomulag vaxta hafi raskað til muna jafnvægi í samningssambandinu eða strítt gegn góðum viðskiptaháttum þótt í ljós hafi komið að vaxtabreytingarheimildin sem slík hafi verið ólögmæt. Hvað sem leið þeirri niðurstöðu gat ákvæði skuldabréfsins um vexti sem fyrr greinir staðið sjálfstætt og liggur ekkert fyrir um að hallað hafi á stefnanda við samningsgerðina að því er varðaði samkomulag aðila um 5% vexti eða að viðbrögð stefnda við dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 hafi verið ósanngjörn í garð stefnanda að teknu tilliti til veðskuldabréfsins sem um ræðir. Loks er það ekki í ósamræmi við 3. mgr. 36. gr. c. samningalaga að heimfæra fyrrgreinda niðurstöðu Hæstaréttar aðeins á ákvæði skuldabréfsins um vaxtaendurskoðun en ekki hinn upphaflega og umsamda vaxtafót, enda verður ekki séð að slík túlkun fái stoð í orðalagi umræddrar málsgreinar. Fyrrgreindur viðauki við tilskipun nr. 93/13/EBE breytir engu í þeim efnum, en auk þess sem bent er á að viðaukinn hefur ekki lagagildi hér á landi verður ekki séð að atvik máls þessa verði heimfærð undir þau dæmi sem þar eru tilgreind um óréttmæta viðskiptahætti. Vísast þar sérstaklega til þess að þótt skilmálinn sem tilgreindur er í j. lið 1. gr. viðaukans fjalli um skilmála sem heimila þjónustuveitanda að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu leiðir af framangreindri niðurstöðu að umræddur skilmáli getur, að því marki sem unnt er að styðjast við hann við túlkun á skuldabréfi aðilanna, einungis átt við um

vaxtabreytingarheimild umrædds skuldabréfs, sem þegar liggur fyrir að stefndi hefur ekki beitt vegna títtnefnds dóms Hæstaréttar.

Að mati dómsins geta meintar væntingar stefnanda þess efnis að breytingar á vöxtum hafi átt að taka mið af markaðskjörum engu breytt um framangreinda niðurstöðu. Er þar í fyrsta lagi til þess að líta að ekkert liggur fyrir um það í umræddu skuldabréfi eða öðrum gögnum málsins að slíkar væntingar hafi verið til staðar eða að aðilar hafi lagt þá forsendu til grundvallar að vextir tækju mið af markaðskjörum. Í öðru lagi verður ekki fram hjá því litið að stefndi lækkaði vextina úr 5% í 4,95% á fyrsta vaxtaendurskoðunardegi samningsins og verður ekki séð að stefnandi hafi gert við það athugasemdir á greindum tíma eða á árunum á eftir þrátt fyrir að almennir vextir hafi þá verið lægri. Í þriðja lagi er á það bent af hálfu dómsins að þrátt fyrir að stefnandi hafi vissulega verið neytandi og að forvera stefnda hafi þannig borið að gæta betur að upplýsingaskyldu en annars leiðir það ekki til þess að lagðar verði til grundvallar einhliða yfirlýsingar stefnanda um forsendur, væntingar eða skilning við samningsgerð sem ekki fá stoð í gögnum málsins að öðru leyti.

Að öllu framangreindu virtu, og með hliðsjón af því að skýra verður allar undantekningar frá meginreglunni um skuldbindingargildi samninga þröngt, er það mat dómsins að hvorki fyrrgreind ákvæði samningalaga né laga nr. 121/1994 um neytendalán girði fyrir að stefndi beri fyrir sig ákvæði hins umdeilda veðskuldabréfs um þá vexti sem upphaflega var samið um. Leiðir af þeirri niðurstöðu að stefnda var ekki óheimilt að krefja stefnanda um vexti af skuldinni eins og gert var og á stefnandi því ekki endurkröfurétt á hendur stefnda. Með hliðsjón af þessu verður stefnandi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Aðilar gera ekki kröfu um málskostnað og dæmist hann því ekki.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Sigurðar Grétars Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Halldóra Þorsteinsdóttir